

Leikskólinn í Brúarási

Starfsáætlun 2025-2026

Endurmat á starfsáætlun 2024-2025

Það hefur ýmislegt gengið á í Brúarási í vetur, bæði góðir hlutir og hlutir sem unnið var að laga. Lubbastundir héldu áfram í vetur og eru þær tvisvar í viku.

Nýr starfsmaður kom inn í leikskólann í haust og vann til miðjan febrúar. eftir það voru starfsmenn innan grunnskólans sem aðstoðuðu í leikskólanum inn á milli sem og nýr starfsmaður kom inn allan apríl mánuð og gekk það vonum framar.

Þrjú börn byrjuðu í leikskólanum í Brúarási í haust systkini og stúlka. Urðu þá nemendur 8 talsins þegar mest var en svo fór það eftir vikudegi hversu margir krakkar voru á leikskólanum hverju sinni. Systkinin sem byrjuðu um haustið gekk fremur illa að aðlagast að breytingunum svo ákveðið var að þau myndu vera 2 daga í viku í Brúarási og 3 daga í leikskóla á Egilsstöðum, gekk að skipulag betur fyrir sig. Þau börn sem byrjuðu voru strákur fæddur 2021, stúlka fædd 2022 og stúlka fædd 2023. Aðlögunin gekk vel hjá þessum börnum.

Dagsskipulagið hélst að mestur óbreytt frá því í fyrra nema í vetur var prufað að blanda saman leikskólanum og frístundinni hjá yngsta grunnskólahópnum, og gekk það mjög vel, mest var hópurninn í salnum en þegar fór að hlýna var hægt að fara með hópinn út.

Við fengum að fara þrisvar í viku í salinn til að leika og fá útrás og það var mikil ánægja með það. Við nýttum hvert tækifæri þegar veður var gott til að fara út, við vorum dugleg að fara í göngutúra, á ærslabelginn, dýrahúsið okkar o.f.l. Annars héldum við okkar daglega skipulagi óbreyttu.

Í apríl/maí fór einn starfsmaður hjá okkur í þriggja vikna sauðburðar-frí og kom þá inn annar starfsmaður í staðinn sem börnin kynntust vel og gekk það vel.

• Námið

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og byggir starf leikskólans í Brúarási á Aðalnámskrá leikskóla, lögum um leikskóla og reglugerð um starfsemi leikskóla. Leikur er börnum nauðsynlegur og er þeirra helsta námsleið. Leikur er því í hávegum hafður í öllu okkar starfi.

Skólaárið 2025-2026 ætlum við að leggja áherslu á sjálfstæði, umburðarlyndi og virðingu. Við ætlum að efla samskipti og samkennd meðal nemenda sem og kenna gott útistarf.

Daglega eru söngstundir hjá okkur og þar fléttum við inn í staf vikunnar. Einnig erum við með lubbastundir tvisvar sinnum í viku.

- **Mannauður**

Tveir starfsmenn koma að leikskólanum veturinn 2025-2026 en starfsmaður grunnskólans er til taks að hlaupa inn í á leikskólanum ef um frí eða veikindi eru að ræða. Enginn starfsmaður hefur kennaramenntun. Deildastjóri er ólærður en hefur unnið í Brúarásleikskóla tvo vetur sem og öðrum stærri leikskólum.

Starfsmannafundir eru áætlaðir einu sinni í mánuði. Ekki er þörf á að loka leikskólanum þegar starfsmannafundir fara fram. Deildarstjóri situr einnig vikulega kennarafundi og er að hefja deildarstjóranámskeið á vegum menntafléttunar.

Starfsdagar á skólaárinu eru fjórir og eru þeir alltaf teknir á sama tíma og grunnskólinn er með starfsdaga.

- **Börn**

Í Brúarási hefja 8 börn skólaári. tvær stúlkur fæddar 2021, stelpa og strákur fædd 2022, tveir drengir fæddir 2020 og 2022 dvelja einn dag í viku í leikskólanum í vetur og svo mun einn drengur fæddur 2021 dvelja tímabundið í leikskólanum einn dag í viku fram á haust. yngsti nemandinn strákur fæddur 2023 kláraði aðlögun á fyrstu viku. von er á einum strák fæddur 2023 í aðlögun í september og svo tveimur stúlkum fæddar 2023 og 2024 í aðlögun eftir áramót.

eitt barn sem dvelur í leikskólanum er í skólahóp.

- **Námsumhverfi**

Námsumhverfi leikskólans samanstendur af húsnæði og búnaði leikskólans. Við erum með leikvöll og nýtum nærumhverfið talsvert mikið. Við skólann er dýrahús þar sem nokkrir naggrísir búa sem við heimsækjum oft. Einnig höfum við aðgang að ærslabelg.

Námsumhverfið okkar er fjölbreytt og skemmtilegt og hentar því þörfum hvers og eins þar sem skólalóðin og landslagið umhverfis skólann býður upp á allskonar leiki og örvun í göngufæri. nemendurnir í leikskólanum fara í göngutúra að meðaltali tvisvar í viku en getur verið oftar eða sjaldnar með tilliti til veðurs.

Mikilvægt er að börn fái tækifæri til að kanna umhverfið á fjölbreyttan hátt. Til dæmis með því að hlusta, bera saman, rannsaka, handfjatla, flokka og fleira. Við erum með fjölbreytt

leikefni, til dæmis hefðbundin leikföng og opin og skapandi efnivið. Reynt er að hafa leikföngin aðgengileg.

Við erum grænfánaleikskóli og leggjum því áherslu á endurnýjanlegan efnivið.

Við höfum aðgang að íþróttasal og erum við með skipulagða tíma í salnum, þrisvar í viku þar sem hreyfipörf nemenda fær útrás. Útivera er fastur liður hjá okkur og er farið út alla daga vikunnar ef veður leyfir, þar gefast einnig mörg tækifæri til hreyfingar og leikja.

- **Foreldrasamstarf**

Það er mikilvægt að nota Völu appið þannig að foreldrar sjái myndir af því sem við gerum í leikskólanum, sjái hvað og hversu vel börnin borða. Eins verður svefntími þeirra sem enn leggja sig á daginn skráður í appið.

Erfitt getur verið fyrir foreldra að koma mikið að skólastarfinu vegna fjarlægðar. Ef aðstæður leyfa viljum við finna góðan tíma til að bjóða foreldrum í sérstaka heimsókn á leikskólann, eins og á litlu jólum og á góðum sumardegum.

Foreldraviðtöl eru tvisvar yfir veturinn þar sem sérstaklega er farið yfir stöðu hvers nemanda með foreldri/foreldrum. Reglulega eru sendir út tölvupóstar með upplýsingum um starfið á leikskólanum.

Foreldrafélag Brúarásskóla nær til bæði leik- og grunnskóla. Foreldrafélagið hefur keypt bækur sem jólasveinar gefa leikskólabörnum á litlu jólinum. Eins hefur foreldrafélagið séð um glaðninga á öskudaginn fyrir börnin.

- **Samstarf**

Nemendur grunnskólans koma gjarnan á leikskólalóðina í frímínútum til að leika sér og leika við leikskólabörnin. Börnin í Brúarási venjast því að vera með eldri og yngri nemendum. Fyrir litlu jólin fáum við aðstoð við undirspil frá tónskólanum. einnig á að fara í samstarf með tónlistarskólanum í vetur um að spila undir í söngstund.

Í vetur á svo að reyna á að hafa leikskólann með yngsta stigi grunnskólans í frístund

Á tyllidögum er leikskólinn oftast en ekki með grunnskólanum og tekur þátt í þeirri dagskrá sem er sett upp.

- **Fjölskyldusvið-Skólaþjónusta**

Leikskólar í Múlaþingi heyra undir Fjölskyldusvið og sinnir Skólaþjónusta Múlaþings sérfræðilegum stuðningi við leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu skv. lögum um leik- og grunnskóla og reglugerð um hlutverk og markmið skólaþjónustu 2. gr.:

- Skólaþjónusta tekur annars vegar til stuðnings við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra.
- Markmið með skólaþjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Skólaþjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.

Samið hefur verið við Sálstofuna um þjónustu sálfræðinga og munu þeir koma reglulega í skólana í vetur.

Lokaorð

Leikskólinn í Brúarási er lítill leikskóli þar sem nemendur á öllum aldri dvelja saman í leik og starfi. Starfsmenn hafa mismunandi reynslu og menntun en öll leggjum við okkur fram um að hlúa að börnunum og efla velferð þeirra og þroska.

Jarþrúður Ragna Jóhannsdóttir

deildarstjóri